

Anna Margrét (22) var sjálfboðaliði í Frakklandi, ásamt vinkonum sínum:



VEL HEPPNUÐ HÁTÍÐ:

Í lok mánaðardvalar þeirra hélt hópurinn hátíð fyrir 200 manns þar sem boðið var upp á vinnustofur og haldnir tónleikar með þekktum frönskum hljómsveitum.



LEIKLIST OG DANS:

Anna Margrét og Tinna sáu um leiklistar- og dansvinnustofu á hátíðinni en Tinna er nýútskrifuð úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Mynd: Dubravka Franz.

SJÁLFBODALIDAR

Í FRÖNSKU

SVEITAPORPI!

SÖNGUGLAR:

Arna Rún, Tinna, Berglind, Nína og Anna Margrét taka lagið.



TINNA Á TRAKTOR:

Tinna sinnir daglegum störfum í þorpínu.



HARÐFISKUR OG BRENNIVÍN:

Íslenski hópurinn sló í gegn þegar hann bauð upp á harðfisk, brennivín, plökkfisk, skyrtertu og grjónagraut.

KÆLA SIG NIÐUR:

„Við gístum í tjaldi allan þennan tíma og vorum mjög heppnar með veður. Það kom reyndar einu sinni þrúmuveður. Á mjög heitum dögum var gott að kæla sig niður í vatninu.“



Hópur íslenskra vinkvenna ferðaðist í sumar til Suður-Frakklands og vann þar við sjálfboðaliðastörf í fallegu sveitaborpi fyrir hönd sjálfboðaliðasamtakanna Seeds.

Ólíkir menningarheimar! „Við lærðum umhverfislist og ljósmyndun og eyddum miklum tíma í að tala um menningu okkar og spjalla um það sem við ættum sameiginlegt og hvað væri ólíkt.“ Anna Margrét segir verkefnið Melting Potes ganga út á

að blanda saman ólíku fólki og skapa saman list og sagði það hafa heppnast vel. Anna var einnig einstaklega heilluð af franska þorpínu: „Vaunieres er eitt fallegasta og yndislegasta þorp sem ég hef komið til. Það heldur sér uppi með sjálfboðaliðum og hugmyndin á bak við þorpið er að

viðhalda vissu jafnvægi fólks. Á staðnum eru vandræðaunglingar sem hafa átt erfitt heima fyrir, bæði andlega og líkamlega fatlaðir einstaklingar og svo heilbrigðir og sterkir einstaklingar og ýmiss konar karakterar. Með hjálp allra er þorpínu haldið við. Á einum tímamarki vorum við byrjaðar í verkamannavinnu og farnar að leggja steypu á meðan aðrir elduðu matinn og þrifu.“

TEXTI: BERGRÚN ÍRIS
MYNDIR: TINNA SVERRISDÓTTIR OG BERGLIND ERNA TRYGGVADÓTTIR